



Skipulags- og samgönguráð

### **Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um birtingu persónuupplýsinga**

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 11. nóvember 2020 var lögð fram svohljóðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Tillaga Flokks fólksins um að hætt verði að birta upplýsingar (bæði nöfn og kenntölur) þeirra sem senda inn athugasemdir, kvartanir eða kærur í dagskrá umhverfis- og skipulagsráðs eða fundargerðir.*

*Fólk sem sendir inn kvörtun/kærur á rétt á því að nöfn þeirra verði trúnaður. Nægjanlegt er að sviðið hafi þessar upplýsingar.*

*Fulltrúa Flokks fólksins finnst þessi birting hvorki þörf né samgjörn enda ekki víst að birtingin sé með vitund þessara einstaklinga. Fulltrúi fólksins sendi fyrirspurn um málið til Persónuverndar sem hljóðaði svona:*

*Er leyfilegt að birta nöfn þeirra sem kvarta eða senda inn ábendingar í dagskrá skipulags- og samgönguráðs (birta þær opinberlega)?*

*Eftirfarandi svar barst:*

*Persónuvernd bendir á að þann 25. september sl. úrskurðaði Persónuvernd í máli er varðaði birtingu persónuupplýsinga í tengslum við deiliskipulagstillögu.*

*Þar var talið að heimilt hefði verið að birta nafn en ekki kennitölu vegna athugasemda við deiliskipulagstillögu. Lagt var fyrir Reykjavíkurborg að afmá kennitölu kvartanda úr athugasemd hans við deiliskipulagstillögu sem birt er á vefsíðu borgarinnar. Þá var lagt fyrir Reykjavíkurborg að veita framvegis fræðslu í samræmi við 13. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 17. gr. laga nr. 90/2018, vegna fyrirhugaðrar birtingar athugasemda við skipulagstillögu.*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, Skrifstofu sviðsstjóra dags. 11. nóvember 2020.

### **Umsögn:**

Tillagan sem lögð er fram felur í sér að hætt verði að birta upplýsingar, bæði nöfn og kennitölur þeirra sem senda inn athugasemdir, kvartanir eða kærur í dagskrá skipulags- og samgönguráðs eða fundargerðir.

Löng hefð er fyrir birtingu nafna og heimilisfanga þeirra sem senda inn athugasemdir við skipulagsmál og er sú framkvæmd í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 (persónuverndarlög). Það kemur m.a. fram í úrskurð Persónuverndar frá 25. september 2020 þar sem talið var heimilt að birta nafn en að fjarlægja skyldi kennitölu einstakling við birtingu slíkra gagna. Til að uppfylla upplýsingaskyldu persónuverndarlaga birtist nú eftirfarandi texti við auglýsingar skipulagsfulltrúa:

*„Umhverfis- og skipulagssvið notar þær persónuupplýsingar sem settar eru fram vegna athugasemda við skipulag, s.s. kennitölu, nafn og netfang, í þeim tilgangi að vinna úr*



*athugasemdum og auðkenna einstaklinga. Vinnslan er í samræmi við Skipulagslög nr. 123/2010 og byggir á heimild í 3. tl. 9. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Upplýsingar eru ekki afhentar þriðja aðila. Að samráðsferli loknu eru gögn varðveitt í 30 ár og flytjast að þeim tíma liðnum til Þjóðskjalasafns Íslands skv. lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Nánari upplýsingar um meðferð persónuupplýsinga hjá Reykjavíkurborg má finna hér. Heimilt er að beina kvörtunum vegna vinnslu persónuupplýsinga til Persónuverndar.*

*Vakin er athygli á því að athugasemdir teljast til opinberra gagna í allri skipulagsmeðferð og birtast meðal annars nöfn borgarbúa í fundargerðum skipulags- og samgönguráðs.“*

Í samræmi við persónuverndarlög hefur verið látið af birtingu kennitala, einkanetfanga og símanúmera einstaklinga í fundargerðum skipulags- og samgönguráðs. Annað hvort er strikað yfir slíkar upplýsingar áður en gögn eru birt eða þau færð í sérstaka trúnaðargátt í fundarkerfi Reykjavíkurborgar sem eingöngu kjörnir fulltrúar og starfsfólk viðkomandi fagráðs Reykjavíkurborgar efur aðgang að. Í umsögnum skipulagsfulltrúa eru nöfn og heimilisföng þeirra sem sent hafa inn athugasemd tilgreind ásamt almennri reifun á málsatvikum og efni athugasemda. Verklag hefur því tekið mið af persónuverndarsjónarmiðum í samræmi við framangreind lög og tilmæli Persónuverndar. Með þessu verklagi telur umhverfis- og skipulagssvið að gætt sé meðalhófs, vinnsla persónuupplýsinga sé takmörkuð eins og hægt er, en jafnframt tryggt að krafa um gagnsæja stjórnýslu sé uppfyllt.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir  
skrifstofustjóri, skrifstofa sviðsstjóra